

## 143. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, í fundarherbergi Klausturhóla, 29.5.24 kl.12:30.

Mættir: Auðbjörg Bjarnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Pálína Pálsdóttir, Arna Guðbjörg Matthíasdóttir, Jón Atli Jónsson, Kristín Ásgeirs dóttir og Fanney Ásgeirs dóttir sem ritar fundargerð.

### Dagskrá fundar:

1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra: Nýr samningur í vinnslu um læknispjónustu við Klausturhóla. Starfsmannamáleru í nokkuð góðu jafnvægi, líturvel út fyrir sumarið. Nokkrir starfsmenn eru að fara í vinnuferð til Hollands í næstu viku til að kynna sér umönnunarmál. Framkvæmdir eru allar í biðstöðu þar sem ekki fást iðnaðarmenn.

**Rekstrarnefnd óskar eftir að sveitarstjórn leggi fram tímasetta framkvæmdaáætlun varðandi breytingar á eldhúsínu.**

2. Skoðunarskýrsla brunaviðvörunarkerfis Öryggismiðstöðvarinnar frá 9.4.2024: Ýmsar athugasemdir varðandi brunavarnir. Vöntun á reykskynjurum og merkingum m.a. Einnig er búið að stranda lengi á uppfærðri rýmingaráætlun. Til þess að hægt sé að uppfæra hana er beðið eftir leiðréttir grunnteikningu, sem sveitarstjórn tók ábyrgð á að útvega.

**Rekstrarnefnd leggur mikla áherslu á að þessi mál verði kláruð tafarlaust þar sem framlengdur frestur rennur út í júní næstkomandi.**

3. Skýrsla Vinnueftirlits frá 3.5.2023. Búið að uppfylla flestöll fyrirmæli sem þar koma fram og önnur eru í vinnslu. Ekki hefur verið hægt að uppfæra rýmingaráætlun, eins og fram hefur komið.
4. Endurmenntunaráætlun
  - a. Verkefnið Fræðslustjóri að láni í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands. Fræðslunetið bað um að stofnaður yrði rýnihópur innan starfsmannahópsins til að skipuleggja námskeið. Hópurinn er orðinn til en ekki byrjaður að funda. Stefnt að því að endurmenntunaráætlun til tveggja ára verði tilbúin fyrir haustið.
  - b. Byrjað að nota appið „Bara tala“ í starfsmannahópnum
  - c. Búið að halda skyndihjálþarnámskeið.
  - d. Nýafstaðin hópeflisferð starfsfólks
  - e. Búið að halda námskeið um Áfengismeðferð og umönnun.
  - f. Fræðsla í gangi um umönnun við lífslok.

### 5. Aðgerðaráætlun – drög

Aðgerðaráætlun í tengslum við alla þætti starfsseminnar í vinnslu, hjá formanni rekstrarnefndar og hjúkrunarforstjóra. Stefnan að hægt sé að leggja hana fyrir fund rekstrarnefndar í haust til umsagnar og endurskoðunar.

JAD  
PP.  
ABB  
AGM  
KA

6. RAI (Raunverulegur aðbúnaður íbúa). Matstæki sem nýtt er á hjúkrunarheimilum. Ákveðið að niðurstöður matsins séu kynntar nefndinni árlega.
7. Atvikaskráning: Kynning á atvikaskráningunni sem notast er við. Ákveðið að huga að því að færa hana í rafrænt form.
8. Önnur mál:
  - a. Hjúkrunarforstjóra barst bréf frá aðstandendum nokkurra þar sem kvartað er undan hegðun ákveðinna íbúa heimilisins. Hjúkrunarforstjóri er að vinna málið í samvinnu við ráðuneyti málaflokkssins. Rekstrarnefnd felur hjúkrunarforstjóra að halda áfram með málið.
  - b. Fulltrúi starfsmanna lýsir óánægju með skort á eftirfylgni í kjölfar vinnustaðargreiningar sem gerð var af Líf og sál síðastliðið haust.

**Rekstrarnefnd tekur undir með starfsfólk og óskar eftir upplýsingum frá sveitarstjórn um stöðu á þeim úrbótum sem setja átti í ferli.**

- c. Rekstrarnefndin óskar eftir að íbúar Klausturhóla verði, eftir fögnum, hvattir til að nýta sér íþróttastarf 60+ og þeim auðveldað það t.d. með því að bjóða þeim upp á akstur.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:20.

Jón Atli Jónsson  
Palina Pálsdóttir  
~~Hildgun~~ Þ Bjarnadóttir  
Ama Guðbjörg Matthiassdóttir  
Kirkur Þórgrimsdóttir